



Starfsemi og rekstur skóladagvistunar/ frístundar eftir skóla í Vopnafjarðarskóla og félagsmiðstöðinni Drekanum.

Skipulag starfsins

1. Starfrækja skal skóladagvist (frístundaheimili) fyrir börn í 1.-4. bekk við Vopnafjarðarskóla. Starfsemi frístundaheimilis skal miðast við samþykktir, lög og reglugerðir, gildandi starfsskrá um frístundaheimili, starfsmannahandbók og vera samþætt eins og kostur er við verklag Vopnafjarðarskóla.
2. Fagleg yfirstjórn skóladagvistar skal vera á höndum verkefnastjóra frístunda- æskulýðs- og fjölmeningarmála. Skólastjóri sér um um rekstur frístundaheimils í grunnskólanum og ber ábyrgð á starfsemi þess.

Þjónusta og starfsemi

3. Hlutverk skóladagvistar er að bjóða upp á fjölbreytt tómskundastarf eftir að hefðbundnum skóladegi lýkur, þar sem umgjörðin er fagleg og áhersla lögð á uppbyggileg verkefni. Starfsemin skal styðja við skólastarf, skipulagðar æfingar ípróttafélaga, tónlistarnám og annað tómskundastarf og styrkja félagslega stöðu barna með uppbyggilegri fræðslu og fjölbreyttu tómskundastarfi þar sem allir finna eitthvað við sitt hæfi.
4. Gildi og markmið skóladagvistar koma fram í starfsskrá um skóladagvist sem skal endurskoða á tveggja ára fresti.
5. Skóladagvistin tekur á móti börnum eftir að hefðbundnum skóladegi lýkur um kl. 13.30 og er opin til kl. 15:30 þriðudag til föstudags en til klukkan 14:30 á mánudögum.

Skóladagvistin er lokuð í vetrarfríum og alla rauða almanaksdaga. Á hverju ári hefur skóladagvist heimild til að halda tvo starfsdaga fyrir starfsmenn.

6. Deildarstjóri/fagstjóri skal hafa háskólamenntun á sviði uppeldis og/eða frítíma. Leitast skal við að ráða inn aðra starfsmenn sem hafa menntun eða reynslu sem nýtist í starfi. Starfsmenn skulu hafa náð 18 ára aldri. Stefnt skal að því að á starfsstað, þar sem börn með sérþarfir dveljast, sé minnst einn stuðningsfulltrúi með fagmenntun.
7. Skóla- og frístundaliði í skóladagvist skal hafa umsjón með 12-15 börnum að jafnaði.
8. Þjónusta barna með sérþarfir er metin af sérkennslufulltrúa grunnskóla í samvinnu við fagstjóra frístundastarfs, foreldra og viðeigandi samstarfsaðila hverju sinni

Húsnæði og samstarf

9. Skóladagvist skal alla jafna vera staðsett í skólastofnun og húsnæði félagsmiðstöðvar. Húsnæði skóladagvistunar skal vera eins hentugt og samliggjandi og hægt er til að auðvelda umsjón og yfirsýn starfsmanna.
10. Skóladagatal stjórnar opnunartíma skóladagvistar. Á skóladagatali koma fram allir frídagar þegar skóladagvist er lokuð.
11. Fagstjóri skóladagvistar skal sitja nemendaverndarráðsfundi þegar skólastjóri kallar viðkomandi inn á fundi eða teymisfundi vegna sérstakra mála tengdum börnum sem eru í skóladagvist. Fagstjóri skóladagvistar skal sitja skilafundi leikskóla sé þess þörf.
12. Skóladagvist skal vera í samstarfi við þau íþrótt- og tómstundafélög sem sinna tómstundum barna á Vopnafirði, með það að markmiði að börnin geti stundað eða sótt þær innan tímaramma skóladagvistar og fylgja börnum á skipulagðar æfingar þegar færi gefst. Kynning á skipulögðu íþróttastarfi verði markviss og hluti af starfsskrá skóladagvistar.
13. Stefnt skal að samþættum vinnudegi í skóla og frístund, þannig að skólastarf, hvíld, tómstundir, íþróttir, tónlist og frístund myndi samfelldan vinnudag hjá börnum í 1.-4. bekk grunnskóla. Frístundastarf komi inn í samfelldan skóladag fremur en að vera í lok vinnudags.
14. Í skóladagvist skal vera vettvangur fyrir nemendur til að sinna heimanámi.

Gjaldskrá, umsóknir og breytingar

15. Skráning fyrir komandi skólaár hefst í ágúst og tekur skólastjóri Vopnafjarðarskóla við skráningu. Umsóknareyðublað verður inná heimasíðu sveitarfélagsins <https://vopnafjardarhreppur.is/stjornsysla/utgafa-og-auglysingar/umsoknir> og heimasíðu Vopnafjarðarskóla. Staðfesting á innritun berst til foreldra í síðasta lagi í lok ágúst. Allar breytingar á skráningum skal tilkynna til deildarstjóra skóladagvistar. Umsókn gildir eitt skólaár í senn (ágúst-júní). Ef þjónusta er sagt upp, eða óskað er eftir breytingum, skal það gert fyrir 15. hvers mánaðar og tekur uppsögnin gildi um næstu mánaðarmót. Börn sem þurfa stuðning og nemendur sem eru að hefja skólagöngu í 1. bekk ganga fyrir.
16. Gjald fyrir skóladagvistun er pr. 8.450 kr. pr. mán. og er háð gjaldskrá hverju sinni sem sveitastjórn samþykkir og auglýsir á heimasíðu hreppsins. Gjaldið er fastagjald og skal vera auglýst fyrir 15. ágúst fyrir næsta skólaár. Gjaldið lækkar ekki þrátt fyrir skerta daga eða ef börn nýta ekki þjónustuna s.s. vegna orlofs eða veikinda.
17. Í gjaldskrá koma fram upplýsingar um systkinaafslátt sem er veittur vegna barna sem eru samtímis í skóladagvist, leikskólum eða hjá dagforeldrum. Upplýsingar um gjaldskrá og afslætti eru á heimasíðu Vopnafjarðarhrepps
18. Gjald fyrir skóladagvist er innheimt eftir á með greiðsluseðli. Gjald dagi er 1. hvers mánaðar og eindagi 15 dögum eftir gjalddaga. Gjald fyrir vistun í ágúst innheimtist með september.

19. Vopnafjarðarhreppur áskilur sér rétt til þess að segja upp dvalarsamningi barna, hafi þrjár mánaðargreiðslur ekki borist, skv. verklagsreglum. Vopnafjarðarhreppur áskilur sér rétt til þess að segja upp dvalarsamningi barna séu foreldrar þeirra í vanskilum vegna leikskóla- og skóladagvistunargjalda. Gildir þá einu þó að skuldin sé ekki vegna viðkomandi barns.

Skóladagvist gjaldskrá

Vistun er frá lokum skóladags til kl 15:30 virka daga nema mánudaga þá er hún til kl. 14:30.

Fast mánaðargjald er 8.450 kr.

Veittur er systkinaafsláttur 25% með öðru barni og 50% með þriðja barni.

Foreldrum sem stunda nám er veittur 25% afsláttur af gjaldi ef viðkomandi stundar nám sem er a.m.k. 24 ECTS einingar á önn.

Einstæðir foreldrar fá 25 % afslátt af gjaldi ef viðkomandi er skráður einstæður í þjóðskrá.

Sækja þarf um afslátt til skólastjóra fyrir skólaárið og leggja þarf fram staðfestingu um að viðkomandi hafi fengið skólavist og staðfestingu á fjölda eininga á önn. Afslátturinn fellur sjálfkrafa niður í lok maí . Sækja þarf um niðurfellingu fyrir 1. september, ásamt því að endurnýja fyrri umsóknir.